



## Fundargerð stjórnar SSA nr. **1** starfsárið 2011 - 2012

Fundur var haldinn í stjórn á Hótel Hallormsstað SSA laugard. 1. okt. 2011 kl. 13:25.

Mættir til fundar allir aðalmenn í nýkjörinni stjórn SSA: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Jón Björn Hákonarson, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Auk þess sat fundinn Björn Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA og ritaði hann fundargerð.

BHG bauð endurkjörna og nýkjörna stjórnarmenn velkomna til starfa. Aldursforseti, Arnbjörg Sveinsdóttir, stýrði fundi, meðan dagskrárliður 1 a) var afgreiddur.

- 1. Kjör formanns, tveggja varaformanna og þar með framkvæmdaráðs SSA.**
  - a) Formaður var samhljóða kjörinn Valdimar O. Hermannsson. (Hér tók nýkjörinn formaður við fundarstjórn).
  - b) Fyrsti varaformaður var samhljóða kjörinn Stefán Bogi Sveinsson.
  - c) Annar varaformaður var samhljóða kjörin Arnbjörg Sveinsdóttir. Skipa því framangreind framkvæmdaráð sbr. 8. gr. samþykta SSA.
- 2. Samþykktir nýafstaðins aðalfundar SSA 2011.**

Samþykkt var að formaður og framkvæmdastjóri gangi frá samþykktum aðalfundarins og komi þeim á framfæri við hlutaðeigandi, eftir því, sem við á og fylgi þeim eftir svo sem venja er til.
- 3. Fundartími tilhögun stjórnarfundar og framkvæmdaráðsfunda.**

Samþykkt að þriðjudagar verði viðmiðunardagur fyrir stjórnarfundum og þeir hefjist að jafnaði um eða eftir hádegi. Fundað verður að jafnaði í þeim mánuðum, sem framkvæmdaráðið fundar ekki í.

Rétt þykir að skoða oftast með símafundi stjórnar þegar því verður við komið og þykir henta. "Faðmlagafundir" stjórnar verði þó meginreglan.

Framkvæmdaráðsf. verða haldnir eftir þörfum. Ljóst er að framkvæmdaráðið þarf að funda fljótlega, sbr. lið 5.

Stefnt er á næsta stjórnarfund þriðjudaginn 18. okt.
- 4. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.**

Ráðstefnan verður 13. og 14. okt. í Reykjavík. Formaður og framkvæmdastjóri munu sitja ráðstefnuna og nýta m.a. að venju þá ferð til að koma á framfæri og fylgja eftir samþykktum 45. aðalfundar SSA.
- 5. AST verkefnið** (verkefnið um „Austfirzkar stoðstofnanir“).

Rædd aðkoma stjórnar SSA að tímabundinni ráðningu verkefnastjóra og ákv. um fjármögnun verkefnisins. Frkvstj. fór yfir málið. Honum falið að hafa samband við forsvarsmenn allra stoðstofnana, er komið hafa að undirbúningi málsins og reiknað er með að samþykki að koma að hinum nýja samstarfsvettvangi, sbr. samþ. aðalfundar SSA þar um. Framkvæmdaráði SSA veitt heimild til að vinna að framgangi málsins í samráði við stjórn SSA og forsvarsmenn annarra stoðstofnana.
- 6. Önnur mál:**

Önnur mál engin.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 13.50.

Björn Hafþór Guðmundsson, fundarritari.